


Kiwanis

Fréttabréf K-dagsnefndar

2. tbl. 1. árg.

12. október 2010

Ábyrgðarmaður Gylfi Ingvarsson gylfiing@simnet.is



Lykill að lífi

Heimasíða: www.kiwanis.is



Fulltrúar K-dagsnefndar með Margmiðlunarmenn á milli sín fr.: Hörður Baldvinsson, Lárus Guðmundsson, Heimir Karlsson, Sigurjón Arthur Friðjónsson og Páll V. Sigurðsson

K-dagsnefnd hefur samið við Margmiðlun um kynningarmál og er markmið samningsins eftirfarandi:

Hlutverk MM er að afla styrkja í formi fjármuna vegna K-dagsins og aðstoða K-dagsnefndina við kynningar vegna K-dagsins sem verður 10.-14. maí 2011. Einnig mun MM sjá um samningsgerð um birtingu auglýsinga, í samráði við tengilið K-dags nefndarinnar. Jafnframt mun hlutverk MM vera að koma verkefninu “Lykill að lífi” á framfæri í fjölmiðlum í aðdraganda söfnunarinnar.

Kiwanisfélagar í Færeyjum eru að vinna að undirbúningi að K-degi í samstarfi við K-dagsnefndina. Það sem safnast þar fer til verkefnis í Færeyjum.

K-dagsnefndin hefur samþykkt að neðangreind verkefni verð styrkt.

1. BUGL, sérverkefni sem snýr að þjónustu við ungt fólk á landsbyggðinni (Vestfjörðum)
2. Miðstöð foreldra og barna (MFB) sem skiptist í þrennt; foreldraeflingu, meðgönguhópa og tengslaeflingu. Miðstöðin er m.a með sérhæfð úrræði við fæðingarþunglyndi.
3. Lautina á Akureyri, sem er: „Athvarf fyrir fólk með geðraskanir“

“Glymmum ekki Geðsjúkum”

er kjörorð K-dagsins

Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn

10. október

Haldið var upp á daginn þannig að ýmiss samtök sem vinna að geðheilbrigðismálum voru með kynningarbása á göngugötu verslunarmiðstöðvarinnar í Mjóddinni . K-dagsnefndin var með kynningarbás þar og kynnti K-daginn sem haldinn verður 10.-14. maí og dreifðum við Lífsvísinum ,gáfum K-dagspinna og um 48 reiðhjólahlajma. Viðtökur voru mjög góðar og sýndi fólk verkefni okkur mikinn velvilja.



Dóra, önnur frá vinstri, fræddi áhugasama konu um málefni Kiwanis og voru Páll og Hörður ánægðir.



Formaður K-dagsnefndar er hér á spjalli við Salbjörgu Bjarnadóttur, forvarnarfulltrúa Landlæknisembættisins, sem hefur verið samstarfsaðili m.a. við Lífsvísinn sem er: „Leiðbeiningar til að sporna gegn sjálfsvígum.“ Kiwanis gaf hann út og er hann enn í dreifingu og í umsjá Gylfa.

Það vakti athygli okkar að fjölmiðlar komu ekki til að fylgjast með þessari kynningu. En fjölmörg félagasamtök voru að kynna sitt mikla starf fyrir skjólstæðinga sína.

Er það svo komið að fjölmiðlar telji þetta ekki umfjöllunarvert, en þarna voru ekki bumbur barðar.